

Alþingi
Erindi nr. P 143/1513
komudagur 7.4.2014

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
(sent á rafrænu formi)

Reykjavík 6. apríl 2014.

Umsögn Fjarðalax ásamt greinargerð til atvinnuveganefndar Alþingis vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 71/2008, þar sem Fjarðalax gerir tillögu um viðbótarákvæði um kynslóðaskipt eldi í sjó.

1. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, ber yfirskriftina „markmið“ og hljóðar svo:

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Meginmarkmiðin eru semsé:

1. Skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis.
2. Efla atvinnulíf.
3. Efla byggð í landinu.
4. Stuðla að ábyrgu fiskeldi.
5. Tryggja verndun villtra nytjastofna.
6. Tryggja gæði framleiðslunnar.
7. Koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra.
8. Tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Að mati Fjarðalax samræmist kynslóðaskipt eldi ofangreindum markmiðum fiskeldislaganna mun betur en aðrar aðferðir við eldi í sjókvíum. Það hlýtur því að vera mjög æskilegt að í lögum um fiskeldi séu ákvæði sem skilgreini hvað sé kynslóðaskipt eldi og styðji við þá aðferð.

Í 3. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, eru síðan skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru þegar fjallað er um fiskeldi. Í upphafi greinarinnar segir: „Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir“. Síðan kemur listi með 31 hugtaki og stuttri skilgreiningu á hverju þeirra. Hugtakið „kynslóðaskipt eldi“ er ekki meðal þeirra hugtaka sem þar eru skilgreind.

Tillaga

Fjarðalax leggur til að við skilgreingar sem er að finna í 3. gr. laganna verði bætt við svohljóðandi skilgreiningu á kynslóðaskiptu eldi:

Kynslóðaskiptu eldi er aðferð við eldi á fiski í sjókvíum þar sem tryggt er að aðeins ein kynslóð eldisfisks sé á hverju sjókvíaeldissvæði á hverjum tíma. Þegar slátrun á eldisfiski á því svæði er lokið er þess gætt að svæðið sé ekki nýtt til eldis á sömu tegund eldisfisks í a.m.k. 6 til 8 mánuði þar til náttúrulegri hreinsun svæðisins er lokið og tryggt að sjúkdómar eða lús geti ekki borist á milli kynslóða.

GREINARGERÐ með frekari rökstuðningi, sjá hér aftar.

GREINARGERÐ

Úr stefnu LF (Landssambands Fiskeldisstöðva) í sjókvíaeldi:

„Stefna Landssambands fiskeldisstöðva er að vinna í samræmi við sjálfbæra þróun sem byggist á þremur meginstoðum, hagrænum, félagslegum og umhverfislegum. Taka verður tillit til allra þessara þriggja grunnstoða til að ná fram sjálfbærri þróun og farsælum rekstri. **Kynslóðaskipt eldi**, þar sem staðsetningar eru hvíldar í lok hverrar eldislotu er lykill að eldi sem uppfyllir þessi skilyrði.

Arðsamt og samkeppnishæft sjókvíaeldi næst með ákveðinni stærðarhagkvæmni og krefst mikilla fjárfestinga í innviðum, búnaði, lífmassa og þekkingu. Starfs- og rekstrarleyfi þurfa því að taka mið af þessu, gilda til langs tíma og vera sambærileg við nýtingarleyfi annarra auðlinda, í forsjá ríkisins, t.d. leyfi til að nýta jarðvarma. Fyrir þróun greinarinnar er mikilvægt að nýjar fiskeldisstöðvar verði ekki leyfðar í nágrenni starfandi fiskeldisstöðva. Slíkt eykur mjög áhættu við rekstur starfandi stöðva.

Á undanförnum áratugum hefur orðið jákvæð þróun á verklagi og lagaramma sjókvíaeldis í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í Færeyjum en einnig í Noregi. Almenn er viðurkennt að smithætta milli stöðva og á milli kynslóða er höfuðáhættuþáttur í sjókvíaeldi. Því hefur í auknum mæli verið litið til kynslóðaskipts eldis sem áhrifaríkrar varnar gegn slíkri smithættu. LF vill stuðla að uppbyggingu á slíku eldi til langs tíma á Íslandi.“

Hvað er kynslóðaskipt eldi?

Kynslóðaskipt eldi (“all in – all out” eldi) er áhrifaríkasta aðferðin sem þekkt er til að draga úr hættu á laxalús og sjúkdómum í eldisfiski. Kynslóðaskipt eldi fer þannig fram að eftir að heilli kynslóð af eldislaxi hefur verið slátrað á tilteknu eldissvæði er allur eldisbúnaður tekinn úr viðkomandi firði eða sjókvíaeldissvæði og hann hreinsaður og svæðið svo “hvílt” í 6-8 mánuði áður en búnaður og næsta kynslóð af eldislaxi er sett þar niður aftur. Á hvíldartímanum hreinsast svæðið með náttúrulegum hætti og laxalús drepst þar sem hún getur ekki fundið sér annan hýsil. Laxalús berst því ekki milli kynslóða á sama svæði og veldur lúsafaraldri.

Kynslóðaskipt eldi nær þó ekki þessum mikilvæga tilgangi sínum nema fullkomlega sé tryggt að

- einstök sjókvíaeldissvæði séu „hvíld“ í nægilega langan tíma og
- að tryggt sé að nægilega langt sé á milli sjókvíaeldisstöðva m.t.t. hafstrauma

Að öðrum kosti er ekki hægt að fyrirbyggja að lús eða sjúkdómar berist milli eldisstöðva.

Til að fyrirtæki geti stundað kynslóðaskipt eldi eins og lýst er hér að framan og náð þeim árangri og ávinningi sem því fylgir, þ.e. að lágmarka hættu á sjúkdómum og laxalús og hámarka gæði og verð afurða, þarf viðkomandi eldisfyrirtæki að hafa rétt til nýtingar á a.m.k. þremur eldissvæðum sem eru algjörlega óháð hvert öðru hvað varðar hafstrauma. Einnig þarf, eins og fyrr sagði, að vera fullkomlega tryggt að sjúkdómar og/eða lús geti ekki borist frá eldisstöðvum annarra fyrirtækja í eldisstöðvar hlutaðeigandi fyrirtækis.

Eins og fyrr segir eru meginmarkmið gildandi laga eftirfarandi:

1. Skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis.
2. Efla atvinnulíf.
3. Efla byggð í landinu.
4. Stuðla að ábyrgu fiskeldi.
5. Tryggja verndun villtra nytjastofna.
6. Tryggja gæði framleiðslunnar.
7. Koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra.
8. Tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Hvernig getur kynslóðaskipt sjókvíaeldi, sem er kjarninn í stefnu LF, stuðlað að því að uppfylla meginmarkmið gildandi laga?

1. Langtímahagur sjókvíaeldisins á Íslandi liggur í vottaðri framleiðslu þar sem náttúrulegir eiginleikar Íslands eru í forgrunni. Þau fyrirtæki sem nú starfa í sjókvíaeldi byggja sitt markaðsstarf og framtíðarsýn á þeirri nálgun. Er hún því afar mikilvæg, ekki síst með tilliti til þess háa flutningskostnaðar og fjarlægðar frá mörkuðum sem fyrirtækin á Íslandi búa við. Ef ekki er skapaður rammi utanum kynslóðaskipt eldismódel fyrirtækjanna þá er þessu markmiði ekki náð.

2. Við uppbyggingu atvinnulífs er til lítils að horfa til skamms tíma. Eldisfyrirtækin starfa öll á landsbyggðinni og miklar væntingar eru bundnar við starfsemi þeirra í samfélögum sem sum hver hafa upplifað viðvarandi fólksfækkun undanfarna áratugi. Því skiptir sköpum að stjórnvöld styðji við rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, fyrirtækjunum sjálfum og samfélögunum til góða. Langtímahagur fyrirtækjanna og þar með samfélaganna, liggur í því að kynslóðaskipta eldið verði varið af stjórnvöldum og því er það afgerandi fyrir framtíð greinarinnar að það sé virt og stutt af stjórnvöldum.
3. Sjá punkt 2.
4. Kynslóðaskipt eldismódel er það ábyrgasta sem fyrirfinnst í sjókvíaeldi nútímans. Með samhæfðum hvíldartíma eldissvæða nást fram lágmarks umhverfisáhrif á viðtakann. Kynslóðaskipt eldismódel samhliða ýtrustu öryggiskröfum og virtum fjarlægðarmörkum á milli eldisstöðva, er jafnframt skilvirkasta tækið til að lágmarka sjúkdóma- og lúsahættu en þessir tveir þættir eru mesta ógnin við öryggi sjókvíaeldis. Reynsla Færeyinga og Norðmanna (tveggja af mestu laxeldisþjóðum á norðurhveli jarðar) staðfestir þetta með mjög afgerandi hætti.
5. Með sömu rökum og koma fram í punkti 4 er sýnt fram á að til að lágmarka hættu á neikvæðum áhrifum á náttúruna og þar með talið villta nytjastofna, er kynslóðaskipt sjókvíaeldismódel áhrifaríkasta þekkta form sjókvíaeldis og ætti án nokkurs vafa að vera stutt af stjórnvöldum sem vilja byggja upp ábyrgan fiskeldisiðnað með lágmarks neikvæð áhrif á náttúruna og villta nytjastofna.
6. Eins og rakið er í punkti 1 þá liggja tækifæri íslenskra framleiðenda í náttúruvottaðri og lífrænni framleiðslu. Til þess að nýta þau tækifæri þarf að koma í veg fyrir alla notkun sýklalyfja og aflúsunarefna, enda samrýmist notkun þeirra ekki kröfum kaupenda vottaðra vara. Kynslóðaskipt eldismódel er áhrifaríkasta þekkta tækið til vinna gegn sjúkdómum og lúsagengd í nútíma sjókvíaeldi og tryggja samkeppnisstöðu íslensku fyrirtækjanna í greininni gagnvart samkeppnisþjóðunum.
7. Sjá punkt 5.
8. Sjá punkt 5.

Af ofangreindu má ráða að nýtt lagafrumvarp um sjókvíaeldi þarf að endurspegla hag greinarinnar til framtíðar án þess að slá af umhverfiskröfum og virðingu fyrir náttúrulegum nytjastofnum. Í nútíma sjókvíaeldi sem þær þjóðir sem við berum okkur helst saman við á þessu sviði, Færeyingar og Norðmenn, stunda nú ríkir sátt um að kynslóðaskipt eldismódel er líklegast til að ná þeim árangri sem uppfyllir þau markmið sem sett voru með lögum nr. 72/2008, sem nú er í gildi.

Sé það stefna löggjafans að nýja löggjöfin endurspegli þessi markmið þá er afgerandi að skilgreining á kynslóðaskiptu eldi verði framkvæmd og að sú uppbygging sem nú er að verða á ný í sjókvíaeldi við Ísland verði römmuð inn þannig að kynslóðaskipt eldismódel með ítrustu öryggis- og fjarlægðarmörkum verði varin af löggjöfinni. Með þeim hætti verða líkurnar á að markmiðin sem rakin eru í fyrri lögum muni nást háværkuð.

F.h. Fjarðalax,

Höskuldur Steinarsson,
framkvæmdastjóri